

AUGLÝSING

um Torremolinos-bókun frá 1993 við Torremolinos-alþjóðasamþykkt um öryggi fiskiskipa, 1977.

Hinn 11. febrúar 1998 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent fullgildingarskjal Íslands vegna Torremolinos-bókunar frá 1993 við Torremolinos-alþjóðasamþykkt um öryggi fiskiskipa, 1977 frá 2. apríl 1977 sem gerð var í Torremolinos 2. apríl 1993, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1986 þar sem samþykktin er birt. Alþingi hafði með ályktun 27. apríl 1994 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda bókunina.

Tilkynnt verður um gildistöku bókunarinnar síðar.

Meginmál bókunarinnar er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Viðauki við bókunina liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að honum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. mars 1998.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

TORREMOLINOS-BÓKUN frá 1993 við Torremolinos- alþjóðasamþykkt um öryggi fiskiskipa, 1977.

Aðilar að þessari bókun,
gera sér ljóst hið þýðingarmikla framlag sem
Torremolinos-alþjóðasamþykktin um öryggi
fiskiskipa, 1977 getur verið að því er varðar
öryggi skipa almennt og sérstaklega gagnvart
öryggi fiskiskipa,

viðurkenna samt sem áður að fjöldi ríkja, sem
hafa umtalsverðan flota fiskiskipa undir sínum

TORREMOLINOS PROTOCOL of 1993 Relating to the Torremolinos International Convention for the Safety of Fishing Vessels, 1977

The Parties to the present Protocol,
Recognizing the significant contribution which
can be made by the Torremolinos International
Convention for the Safety of Fishing Vessels,
1977, to the safety of ships in general and to the
safety of fishing vessels in particular,

Acknowledging however that certain provi-
sions of the Torremolinos International Conven-

fána, hefur átt í erfiðleikum með að hrinda tilteknum ákvæðum Torremolinos-alþjóðasamþykktarinnar um öryggi fiskiskipa, 1977 í framkvæmd og að þetta hefur komið í veg fyrir að Torremolinos-alþjóðasamþykktin um öryggi fiskiskipa, 1977 öðlaðist gildi og að reglur hennar kæmu til framkvæmda,

ækja að ná almennu samkomulagi um eins háa staðla og unnt er um öryggi fiskiskipa sem öll hlutaðeigandi ríki geta beitt,

telja að þessu markmiði verði best náð með gerð bókunar við Torremolinos-alþjóðasamþykktina um öryggi fiskiskipa, 1977, og

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

Almennar skyldur.

(1) Aðilar að þessari bókun skulu framfylgja ákvæðum:

- a) greina þessarar bókunar; og
- b) reglanna sem eru í viðauka við Torremolinos-alþjóðasamþykktina um öryggi fiskiskipa, 1977 (hér á eftir nefnd „samþykktin“), með fyrirvara um þær breytingar sem eru í viðauka við þessa bókun.

(2) Greinar þessarar bókunar og reglurnar í viðaukanum við samþykktina skal, með fyrirvara um þær breytingar sem settar eru fram í viðaukanum við þessa bókun, lesa og túlka sem eitt skjal.

(3) Viðaukinn við þessa bókun skal vera óaðskiljanlegur hluti bókunarinnar og tilvísun í bókunina skal jafnframt vera tilvísun í viðaukann við hana.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í þessari bókun merkir, nema annað sé sérstaklega tekið fram:

- a) „aðili“ ríki sem þessi bókun hefur öðlast gildi gagnvart;
- b) „fiskiskip“ eða „skip“ hvert það skip sem notað er í viðskiptaskyni til að veiða fisk, hvali, sel, rostung eða aðrar lifandi auðlindir hafsinis;
- c) „stofnunin“ Alþjóðasiglingamálastofnunin;
- d) „framkvæmdastjóri“ framkvæmdastjóra stofnunarinnar;

tion for the Safety of Fishing Vessels, 1977, has given rise to difficulties in their implementation by a number of States with substantial fishing fleets under their flags and that this has prevented the entry into force of the Torremolinos International Convention for the Safety of Fishing Vessels, 1977 and consequently the implementation of the regulations contained therein,

Desiring to establish in common agreement the highest practicable standards for the safety of fishing vessels which can be implemented by all States concerned,

Considering that this objective may best be achieved by the conclusion of a Protocol relating to the Torremolinos International Convention for the Safety of Fishing Vessels, 1977,

Have agreed as follows:

ARTICLE 1

General obligations

(1) The Parties to the present Protocol shall give effect to the provisions of:

- (a) the articles of the present Protocol; and
- (b) the regulations contained in the Annex to the Torremolinos International Convention for the Safety of Fishing Vessels, 1977 (hereinafter referred to as “the Convention”), subject to the modifications set out in the Annex to the present Protocol.

(2) The articles of the present Protocol and the regulations of the Annex to the Convention shall, subject to the modifications set out in the Annex to the present Protocol, be read and interpreted as one single instrument.

(3) The Annex to the present Protocol shall constitute an integral part of the Protocol and a reference to the present Protocol shall constitute at the same time a reference to the Annex hereto.

ARTICLE 2

Definitions

For the purpose of the present Protocol, unless expressly provided otherwise:

- (a) “Party” means a State for which the present Protocol has entered into force;
- (b) “Fishing vessel” or “vessel” means any vessel used commercially for catching fish, whales, seals, walrus or other living resources of the sea;
- (c) “Organization” means the International Maritime Organization;
- (d) “Secretary-General” means the Secretary-General of the Organization;

e) „stjórnvöld“ ríkisstjórn þess ríkis sem veitir skipi rétt til að sigla undir sínum fána;

f) „reglur“ reglur sem eru í viðaukanum við samþykktina, eins og þeim hefur verið breytt samkvæmt þessari bókun.

3. gr. Gildissvið.

(1) Þessi bókun skal ná til fiskiskipa sem sigla á opnu hafi og eiga rétt á að sigla undir fána aðila, þar með talin skip sem jafnframt vinna eigin afla um borð.

(2) Ákvæði viðaukans skulu ekki ná til skipa sem eingöngu eru notuð:

- a) til íþróttar eða skemmtunar;
- b) til vinnslu fiskis eða annarra lifandi auðlinda hafsins;
- c) til rannsóknar og þjálfunar; eða
- d) til fiskflutninga.

(3) Ákvæði viðaukans skulu, nema annað sé sérstaklega tekið fram, ná til fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd eða meira.

(4) Í því tilviki þar sem í kafla eru tilgreind stærri lengdarmörk skipa en 24 metrar, að því er varðar gildissvið þess kafla, skulu stjórnvöld ákveða hvaða reglur þess kafla ættu, að öllu leyti eða að hluta til, að ná til fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd eða meira en styttri en tilgreind lengdarmörk í viðkomandi kafla og sem eiga rétt á að sigla undir fána þess ríkis, að teknu tilliti til gerðar, stærðar og starfshátta slíkra skipa.

(5) Aðilar skulu kappkosta að koma á, sem mikilvægu forgangsmáli, samræmdum stöðlum sem stjórnvöld beiti gagnvart fiskiskipum sem vísað er til í 4. mgr. og starfa á sama svæði, að teknu tilliti til starfshátta, skjóls sem náttúrulegar aðstæður veita og loftslags á því svæði. Slíkir samræmdir svæðisbundnir staðlar skulu sendir stofnuninni til dreifingar til annarra aðila til upplýsinga.

4. gr.

Útgáfa skírteina og hafnríkiseftirlit.

(1) Sérhvert skip, sem krafist er að hafi skírteini í samræmi við ákvæði reglnanna, skal í höfn annars aðila háð eftirliti embættismanna sem hafa fullt umboð ríkisstjórnar þess aðila, að svo miklu leyti sem slíku eftirliti er ætlað að sannreyna hvort skírteinið, sem gefið er út í samræmi við ákvæði viðeigandi reglna, sé gilt.

(e) “Administration” means the Government of the State whose flag the vessel is entitled to fly;

(f) “Regulations” means the regulations contained in the Annex to the Convention as modified by the present Protocol.

ARTICLE 3 Application

(1) The present Protocol shall apply to seagoing fishing vessels including vessels also processing their catch entitled to fly the flag of a Party.

(2) The provisions of the Annex shall not apply to vessels exclusively used:

- (a) for sport or recreation;
- (b) for processing fish or other living resources of the sea;
- (c) for research and training; or
- (d) as fish carriers.

(3) Unless expressly provided otherwise, the provisions of the Annex shall apply to fishing vessels of 24 metres in length and over.

(4) In a case where a limit of the vessel's length is prescribed as greater than 24 metres in a chapter for the application of that chapter, the Administration shall determine which regulations of that chapter should apply, wholly or in part, to a fishing vessel of 24 metres in length and over but less than the length limit prescribed in that chapter and entitled to fly the flag of that State, having regard to the type, size and mode of operation of such a vessel.

(5) Parties shall endeavour to establish, as a matter of high priority, uniform standards to be applied by Administrations to fishing vessels referred to in paragraph (4), which operate in the same region, taking into account the mode of operation, sheltered nature and climatic condition in such region. Such uniform regional standards shall be communicated to the Organization for circulation to other Parties for information.

ARTICLE 4

Certification and port State control

(1) Every vessel required to hold a certificate in accordance with the provisions of the regulations is subject, when in a port of another Party, to control by officers duly authorized by the Government of that Party in so far as this control is directed towards verifying that the certificate issued under the provisions of the relevant regulations is valid.

(2) Slíkt skírteini, sé það gilt, skal viðurkennt nema skýrar ástæður séu til þess að ætla að ástand skipsins eða búnaður þess samsvari ekki í grundvallaratriðum því sem tilgreint er í skírteininu eða að skipið og búnaður þess séu ekki í samræmi við ákvæði viðeigandi reglna.

(3) Við þær aðstæður sem nefndar eru í 2. mgr., eða þar sem gildistími skírteinisins er runninn út eða skírteinið fallið úr gildi af öðrum orsökum, skal embættismaðurinn, sem annast eftirlitið, gera ráðstafanir sem tryggja að skipið sigli ekki fyrir en það getur haldið til hafs eða látið úr höfn í þeim tilgangi að fara beint til viðeigandi viðgerðarstöðvar án hættu fyrir skipið eða þá menn sem eru um borð í því.

(4) Í þeim tilvikum þar sem þetta eftirlit leiðir til íhlutunar af einhverju tagi skal embættismaðurinn, sem annast eftirlitið, þegar í stað og á skriflegan hátt tilkynna ræðismanni eða, í fjarveru hans, þeim sendierindreka þess ríkis er veitir skipinu rétt til að sigla undir sínum fána, sem nálægastur er, um allar aðstæður sem taldar voru gera íhlutun nauðsynlega. Auk þess skal tilkynna þetta tilnefndum skoðunarmönnum eða viðurkenndum stofnunum sem bera ábyrgð á útgáfu skírteinanna. Skýrsla með staðreyndum varðandi íhlutunina skal send til stofnunarinnar.

(5) Ef hafnríkisyfirvöld sem hlut eiga að máli eru ekki fær um að gera þær ráðstafanir sem tilgreindar eru í 3. mgr., eða ef skipinu hefur verið leyft að halda til næstu hafnar samkvæmt ferðaáætlun þess, skulu þau greina aðilanum, sem getið er í 4. mgr., og hafnaryfirvöldum næstu hafnar samkvæmt ferðaáætlun skipsins frá öllum viðeigandi upplýsingum um skipið.

(6) Þegar eftirlit er framkvæmt í samræmi við þessa grein skal á allan þann hátt sem unnt er leitast við að koma í veg fyrir að skip sé kyrrsett eða tafið á ótilhlýðilegan hátt. Ef skip er þannig á ótilhlýðilegan hátt kyrrsett eða tafið á það rétt á skaðabótum vegna þess taps eða tjóns sem það hefur orðið fyrir.

(7) Að því er varðar skip frá ríkjum sem eru ekki aðilar að þessari bókun skulu aðilar beita ákvæðum bókunarinnar, eins og nauðsyn krefur, til að tryggja að slík skip fái ekki hagstæðari meðhöndlun.

5. gr.

Óviðráðanleg atvik.

(1) Skip, sem ákvæði þessarar bókunar gilda ekki um, eða sem ekki er krafist að sé með skírteini í samræmi við ákvæði þessarar bókunar

(2) Such certificate, if valid, shall be accepted unless there are clear grounds for believing that the condition of the vessel or of its equipment does not correspond substantially with the particulars of that certificate or that the vessel and its equipment are not in compliance with the provisions of the relevant regulations.

(3) In the circumstances given in paragraph (2) or where a certificate has expired or ceased to be valid, the officer carrying out the control shall take steps to ensure that the vessel shall not sail until it can proceed to sea or leave the port for the purpose of proceeding to the appropriate repair yard without danger to the vessel or persons on board.

(4) In the event of this control giving rise to an intervention of any kind, the officer carrying out the control shall forthwith inform, in writing, the Consul or, in his absence, the nearest diplomatic representative of the State whose flag the vessel is entitled to fly, of all the circumstances in which intervention was deemed necessary. In addition, nominated surveyors or recognized organizations responsible for the issue of the certificates shall also be notified. The facts concerning the intervention shall be reported to the Organization.

(5) If the port State authority concerned is unable to take steps as specified in paragraph (3) or if the vessel has been allowed to proceed to the next port of call, the port State authority concerned shall notify all relevant information about the vessel to the Party mentioned in paragraph (4) and to the authorities of the next port of call.

(6) When exercising control under this article, all possible efforts shall be made to avoid a vessel being unduly detained or delayed. If a vessel is thereby unduly detained or delayed, it shall be entitled to compensation for any loss or damage suffered.

(7) With respect to vessels of non-Parties to the present Protocol, Parties shall apply the requirements of the present Protocol as may be necessary to ensure that no more favourable treatment is given to such vessels.

ARTICLE 5

Force majeure

(1) A vessel which is not subject to the provisions of the present Protocol or which is not required to hold a certificate in accordance with

þegar það lætur úr höfn til hvaða ferðar sem er, skal ekki háð þessum ákvæðum þótt það berist af leið vegna veðurs eða annarra óviðráðanlegra atvika.

(2) Þeir, sem eru um borð í skipi vegna óviðráðanlegra atvika eða vegna þeirrar skyldu að flytja skipbrotsmenn eða aðra, skulu ekki taldir með þegar gengið er úr skugga um hvort ákvæði þessarar bókonar gilda um skipið.

6. gr.

Miðlun upplýsinga.

(1) Aðilar skulu senda stofnuninni:

a) texta laga, fyrirmæla, tilskipana, reglugerða og annarra gerninga sem gefnir hafa verið út um hin ýmsu mál sem þessi bókonar gildir um;

b) skrá yfir óháð félagasamtök sem hafa heimild til að koma fram fyrir þeirra hönd í málum varðandi hönnun, smíði og búnað skipa í samræmi við ákvæði þessarar bókonar; og

c) nægilegan fjölda sýnishorna af skírteinum sem þeir gefa út samkvæmt ákvæðum þessarar bókonar.

(2) Stofnunin skal tilkynna öllum aðilum um viðtöku sérhverrar tilkynningar skv. a-lið 1. mgr. og dreifa til þeirra upplýsingum sem henni eru sendar skv. b- og c-liðum 1. mgr.

7. gr.

Slys sem varða fiskiskip.

(1) Sérhver aðili skal sjá til þess að rannsókn fari fram á hvers konar slysum sem verða á einhverju skipa hans sem ákvæði þessarar bókonar ná til, ef hann telur að slík rannsókn geti komið að gagni við ákvörðun á því hvaða breytingar á þessari bókonar kynnu að vera æskilegar.

(2) Sérhver aðili skal láta stofnuninni í té viðeigandi upplýsingar um niðurstöður slíkra rannsókna til dreifingar til allra aðila. Í engum skýrslum eða tilmælum stofnunarinnar, sem byggðar eru á slíkum upplýsingum, skal upplýst hvert viðkomandi skip eða þjóðerni þess sé eða á nokkurn hátt fullyrða um eða láta liggja að ábyrgð nokkurs skips eða manns.

the provisions of the present Protocol at the time of its departure on any voyage shall not become subject to such provisions on account of any deviation from its intended voyage due to stress of weather or any other cause of force majeure.

(2) Persons who are on board a vessel by reason of force majeure or in consequence of the obligation to carry shipwrecked or other persons shall not be taken into account for the purpose of ascertaining the application to the vessel of any provisions of the present Protocol.

ARTICLE 6

Communication of information

(1) The Parties shall communicate to the Organization:

(a) the text of laws, orders, decrees, regulations and other instruments which have been promulgated on the various matters within the scope of the present Protocol;

(b) a list of non-governmental agencies which are authorized to act on their behalf in matters relating to the design, construction and equipment of vessels in accordance with the provisions of the present Protocol; and

(c) a sufficient number of specimens of their certificates issued under the provisions of the present Protocol.

(2) The Organization shall notify all Parties of the receipt of any communication under paragraph (1)(a) and shall circulate to them any information communicated to it under paragraph (1)(b) and (1)(c).

ARTICLE 7

Casualties to fishing vessels

(1) Each Party shall arrange for an investigation of any casualty occurring to any of its vessels subject to the provisions of the present Protocol, when it judges that such an investigation may assist in determining what changes in the present Protocol might be desirable.

(2) Each Party shall supply the Organization with pertinent information concerning the findings of such investigations for circulation to all Parties. No reports or recommendations of the Organization based upon such information shall disclose the identity or nationality of the vessels concerned or in any manner fix or imply responsibility upon any vessel or person.

8. gr.

Aðrir samningar og túlkun.

Ekkert í þessari bókun skal hafa áhrif á kröfur eða lagaleg sjónarmið nokkurs ríkis nú eða í framtíðinni að því er varðar hafrétt og eðli og víðáttu lögsögu strandríkja og fánaríkja.

9. gr.

Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykki og aðild.

(1) Þessi bókun skal liggja frammi til undirritunar í aðalstöðvum stofnunarinnar frá 1. júlí 1993 til 30. júní 1994 og eftir þann tíma skal bókunin vera opin fyrir aðild. Sérhvert ríki getur gerst aðili að þessari bókun með:

a) undirritun án fyrirvara um fullgilding, staðfestingu eða samþykki;

b) undirritun með fyrirvara um fullgilding, staðfestingu eða samþykki, ásamt eftirfarandi fullgilding, staðfestingu eða samþykki; eða

c) aðild.

(2) Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild skal framkvæmd með því að afhenda framkvæmdastjóranum skjal þar um til vörslu.

(3) Sérhvert ríki, sem hefur annaðhvort undirritað þessa bókun án fyrirvara um fullgilding, staðfestingu eða samþykki eða afhent tilskilið skjal um fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu í samræmi við þessa grein, skal senda framkvæmdastjóranum, þegar áður nefnt skjal er afhent til vörslu og fyrir lok hvers árs, upplýsingar um heildarfjölda fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd eða meira og eiga rétt á að sigla undir fána þess ríkis.

10. gr.

Gildistaka.

(1) Þessi bókun öðlast gildi þegar liðnir eru tólf mánuðir frá þeim degi er eigi færri en fimmtán ríki hafa annaðhvort undirritað hana án fyrirvara um fullgilding, staðfestingu eða samþykki eða afhent tilskilin skjöl um fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu í samræmi við 9. gr., enda ráði þau sameiginlega yfir að minnsta kosti 14.000 fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd eða meira.

(2) Að því er varðar ríki, sem afhenda skjal um fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild að þessari bókun til vörslu eftir að skil-

ARTICLE 8

Other treaties and interpretation

Nothing in the present Protocol shall prejudice the present or future claims and legal views of any State concerning the law of the sea and the nature and extent of coastal and flag State jurisdiction.

ARTICLE 9

Signature, ratification, acceptance, approval and accession

(1) The present Protocol shall remain open for signature at the Headquarters of the Organization from 1 July 1993 until 30 June 1994 and shall thereafter remain open for accession. All States may become Parties to the present Protocol by:

(a) signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or

(b) signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval; or

(c) accession.

(2) Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of an instrument to that effect with the Secretary-General.

(3) Each State which has either signed the present Protocol without reservation as to ratification, acceptance or approval or has deposited the requisite instruments of ratification, acceptance, approval or accession in accordance with this article shall transmit to the Secretary-General, at the time of deposit of the above instrument and by the end of each year, information on the aggregate number of fishing vessels of 24 metres in length and over entitled to fly the flag of that State.

ARTICLE 10

Entry into force

(1) The present Protocol shall enter into force twelve months after the date on which not less than fifteen States have either signed it without reservation as to ratification, acceptance or approval or have deposited the requisite instruments of ratification, acceptance, approval or accession in accordance with article 9, the aggregate number of whose fishing vessels of 24 metres in length and over is not less than 14,000.

(2) For States which have deposited an instrument of ratification, acceptance, approval or accession in respect of the present Protocol after

yrðum fyrir gildistöku bókunarinnar hefur verið fullnægt en fyrir gildistökudaginn, skal fullgildingin, staðfestingin, samþykkið eða aðildin öðlast gildi á gildistökudegi þessarar bókunar eða þegar liðnir eru þrjú mánuðir frá þeim degi sem viðkomandi skjal er afhent til vörslu, hvor dagurinn sem er síðar.

(3) Að því er varðar ríki, sem hafa afhent skjal um fullgildinguna, staðfestinguna, samþykkið eða aðild til vörslu eftir að þessi bókun öðlast gildi, skal hún öðlast gildi þegar liðnir eru þrjú mánuðir frá þeim degi er skjalið er afhent til vörslu.

(4) Eftir þann dag er breyting á þessari bókun telst hafa verið staðfest skv. 11. gr. skal sérhvert skjal um fullgildinguna, staðfestinguna, samþykkið eða aðild, sem afhent er til vörslu, gilda um þessa bókun með áorðnum breytingum.

11. gr. Breytingar.

(1) Breyta má þessari bókun með annarri hvorri málsmeðferðinni sem lýst er í þessari grein.

(2) Breytingar eftir umfjöllun hjá stofnuninni:

a) Sérhverja breytingartillögu aðila skal senda framkvæmdastjóranum sem skal síðan dreifa henni til allra aðila að stofnuninni og til allra aðila að minnsta kosti sex mánuðum áður en tillagan er tekin til umfjöllunar.

b) Sérhverri breytingartillögu, sem lögð er fram og dreift eins og að framan greinir, skal vísað til siglingaöryggisnefndar stofnunarinnar til umfjöllunar.

c) Aðilar, hvort sem þeir eru aðilar að stofnuninni eða ekki, eiga rétt á að taka þátt í störfum siglingaöryggisnefndar við umfjöllun um og samþykki breytingartillagna.

d) Breytingartillögur skal samþykkja með tveimur þriðju hlutum atkvæða aðila sem viðstaddir eru og greiða atkvæði í siglingaöryggisnefnd, stækkaðri skv. c-lið 2. mgr. (hér á eftir nefnd „stækkuð siglingaöryggisnefnd“), enda sé að minnsta kosti þriðjungur aðila viðstaddur atkvæðagreiðsluna.

e) Framkvæmdastjórinn skal senda öllum aðilum breytingar sem samþykktar eru skv. d-lið 2. mgr.

the requirements for entry into force thereof have been met but prior to the date of entry into force, the ratification, acceptance, approval or accession shall take effect on the date of entry into force of the present Protocol or three months after the date of deposit of the instrument, whichever is the later date.

(3) For States which have deposited an instrument of ratification, acceptance, approval or accession after the date on which the present Protocol entered into force, the present Protocol shall become effective three months after the date of deposit of the instrument.

(4) After the date on which an amendment to the present Protocol is deemed to have been accepted under article 11, any instrument of ratification, acceptance, approval or accession deposited shall apply to the present Protocol as amended.

ARTICLE 11 Amendments

(1) The present Protocol may be amended by either of the procedures specified in this article.

(2) Amendments after consideration within the Organization:

(a) Any amendment proposed by a Party shall be submitted to the Secretary-General, who shall then circulate it to all Members of the Organization and to all the Parties at least six months prior to its consideration.

(b) Any amendment proposed and circulated as above shall be referred to the Maritime Safety Committee of the Organization for consideration.

(c) Parties whether or not Members of the Organization shall be entitled to participate in the proceedings of the Maritime Safety Committee for the consideration and adoption of amendments.

(d) Amendments shall be adopted by a two-thirds majority of the Parties present and voting in the Maritime Safety Committee expanded as provided for in paragraph (2)(c) (hereinafter referred to as “the expanded Maritime Safety Committee”) on condition that at least one-third of the Parties shall be present at the time of voting.

(e) Amendments adopted in accordance with paragraph (2)(d) shall be communicated by the Secretary-General to all the Parties.

- f) (i) Breyting á grein telst vera staðfest þann dag sem tveir þriðju hlutar aðila hafa staðfest hana.
- (ii) Breyting á viðaukanum telst vera staðfest:
- aa) Þegar liðin eru tvö ár frá þeim degi er hún var samþykkt; eða
- bb) við lok annars tímabils sem skal ekki vera styttra en eitt ár, ef svo er ákveðið þegar hún er samþykkt með tveimur þriðju hlutum aðila sem viðstaddir eru og greiða atkvæði í stækkaðri siglingaöryggisnefnd.
- Samt sem áður telst breytingin ekki hafa verið staðfest ef innan hins tiltekna tímabils annaðhvort meira en þriðjungur aðila eða aðilar, sem ráða sameiginlega yfir fiskiskipum sem nema að minnsta kosti sextíu og fimm hundraðshlutum af fjölda fiskiskipa allra aðila sem eru 24 metrar að lengd eða meira, tilkynna framkvæmdastjóranum að þeir mótmæli henni.
- g) (i) Breyting á grein skal öðlast gildi að því er varðar þá aðila, sem hafa staðfest hana, sex mánuðum eftir þann dag sem hún er talin hafa verið staðfest og að því er varðar sérhvern aðila, sem staðfestir hana síðar, sex mánuðum eftir þann dag er sá aðili staðfestir hana.
- (ii) Breyting á viðaukanum skal öðlast gildi að því er varðar alla aðila aðra en þá, sem hafa mótmælt breytingunni skv. ii-lið f-liðar 2. mgr. og ekki afturkallað slík mótmæli, sex mánuðum eftir þann dag sem hún er talin hafa verið staðfest. Samt sem áður getur sérhver aðili tilkynnt framkvæmdastjóranum, fyrir hinn ákveðna gildistökudag, að hann undanskilji sig frá því að láta breytinguna öðlast gildi, þó ekki lengur en eitt ár frá gildistökudegi, nema lengri tími sé ákveðinn af tveimur þriðju hlutum aðila sem viðstaddir eru og greiða atkvæði í stækkaðri siglingaöryggisnefnd þegar breytingartillagan er samþykkt.
- (3) Breyting á ráðstefnu:
- a) Að ósk aðila, með stuðningi að minnsta kosti þriðjungs aðila, skal stofnunin boða til ráðstefnu aðila til þess að fjalla um breytingar á þessari bókun.
- b) Sérhverja breytingu, sem samþykkt er á slíkri ráðstefnu af tveimur þriðju hlutum aðila
- (f) (i) An amendment to an article shall be deemed to have been accepted on the date on which it is accepted by two-thirds of the Parties.
- (ii) An amendment to the Annex shall be deemed to have been accepted:
- (aa) at the end of two years from the date of adoption; or
- (bb) at the end of a different period, which shall not be less than one year, if so determined at the time of its adoption by a two-thirds majority of the Parties present and voting in the expanded Maritime Safety Committee.
- However, if within the specified period either more than one-third of the Parties or Parties the aggregate of whose fishing vessels is not less than sixty-five per cent of the number of fishing vessels of 24 metres in length and over of all the Parties, notify the Secretary-General that they object to the amendment, it shall be deemed not to have been accepted.
- (g) (i) An amendment to an article shall enter into force with respect to those Parties which have accepted it, six months after the date on which it is deemed to have been accepted and, with respect to each Party which accepts it after that date, six months after the date of that Party's acceptance.
- (ii) An amendment to the Annex shall enter into force with respect to all Parties, except those which have objected to the amendment under paragraph (2)(f)(ii) and which have not withdrawn such objections, six months after the date on which it is deemed to have been accepted. However, before the date set for entry into force any Party may give notice to the Secretary-General that it exempts itself from giving effect to that amendment for a period not longer than one year from the date of its entry into force, or for such longer period as may be determined by a two-thirds majority of the Parties present and voting in the expanded Maritime Safety Committee at the time of the adoption of the amendment.
- (3) Amendment by a Conference:
- (a) Upon the request of a Party concurred with by at least one-third of the Parties, the Organization shall convene a Conference of the Parties to consider amendments to the present Protocol.
- (b) Every amendment adopted by such a Conference by a two-thirds majority of the

sem viðstaddir eru og greiða atkvæði, skal framkvæmdastjórinn senda öllum aðilum til staðfestingar.

c) Ákveði ráðstefnan ekki annað telst breyting hafa verið staðfest og öðlast hún gildi samkvæmt þeirri málsmeðferð sem tilgreind er í f- og g-liðum 2. mgr., eftir því sem við á, þó að því tilskildu að þar sem rætt er um stækkaða siglingaöryggisnefnd er átt við ráðstefnuna.

(4) a) Aðili, sem hefur staðfest breytingu á viðaukanum sem hefur öðlast gildi, skal ekki skuldbundinn til að láta hagræði af bókun þessari ná til skírteina sem gefin eru út fyrir skip sem á rétt á að sigla undir fána ríkis, ef ríkisstjórn þess hefur mótmælt breytingunni í samræmi við ákvæði ii-liðar f-liðar 2. mgr. þessarar greinar og ekki afturkallað mótmælin, en aðeins að svo miklu leyti sem slík skírteini eiga við um atriði sem umrædd breyting tekur til.

b) Aðili, sem hefur staðfest breytingu á viðaukanum sem hefur öðlast gildi, skal láta hagræði af bókun þessari ná til skírteina sem gefin eru út fyrir skip sem á rétt á að sigla undir fána ríkis, ef ríkisstjórn þess hefur tilkynnt framkvæmdastjóra stofnunarinnar í samræmi við ákvæði ii-liðar g-liðar 2. mgr. þessarar greinar að hún undanskilji sig frá því að láta breytinguna öðlast gildi.

(5) Nema annað sé sérstaklega tekið fram skal sérhver breyting á þessari bókun, sem varðar smíði skips, einungis gilda um skip sem á eða eftir gildistöku dag breytingarinnar er í því ástandi að:

a) kjölur er lagður;

b) smíði tiltekins skips er greinilega hafin; eða

c) samsetning er hafin og er orðin að minnsta kosti 50 tonn að þyngd eða einn hundraðshluti af áætluðum heildarþunga alls smíðaefnisins, hvort sem er minna.

(6) Sérhverja yfirlýsingu um staðfestingu á eða mótmæli gegn breytingu, eða tilkynningu, sem gerð er skv. ii-lið g-liðar 2. mgr., skal senda skriflega til framkvæmdastjórans sem skal tilkynna öllum aðilum um hverja slíka yfirlýsingu eða tilkynningu og viðtökudag hennar.

(7) Framkvæmdastjórinn skal tilkynna öllum aðilum um sérhverja breytingu sem öðlast gildi samkvæmt þessari grein, ásamt gildistöku degi hennar.

Parties present and voting shall be communicated by the Secretary-General to all the Parties for acceptance.

(c) Unless the Conference decides otherwise, the amendment shall be deemed to have been accepted and shall enter into force in accordance with the procedures specified in paragraphs (2)(f) and (2)(g) respectively, provided that references in those paragraphs to the expanded Maritime Safety Committee shall be taken to mean references to the Conference.

(4) (a) A Party, which has accepted an amendment to the Annex which has entered into force, shall not be obliged to extend the benefit of the present Protocol in respect of the certificates issued to a vessel entitled to fly the flag of a State the Government of which, pursuant to the provisions of paragraph (2)(f)(ii) of this article, has objected to the amendment and has not withdrawn such an objection, but only to the extent that such certificates relate to matters covered by the amendment in question.

(b) A Party, which has accepted an amendment to the Annex which has entered into force, shall extend the benefit of the present Protocol in respect of certificates issued to a vessel entitled to fly the flag of a State the Government of which, pursuant to the provisions of paragraph (2)(g)(ii) of this article, has notified the Secretary-General of the Organization that it exempts itself from giving effect to the amendment.

(5) Unless expressly provided otherwise, any amendment to the present Protocol which relates to the structure of a vessel, shall apply only to vessels for which, on or after the date of entry into force of the amendment:

(a) the keel is laid; or

(b) construction identifiable with a specific vessel begins; or

(c) assembly has commenced comprising at least 50 tonnes or one per cent of the estimated mass of all structural material, whichever is less.

(6) Any declaration of acceptance of, or objection to, an amendment or any notice given under paragraph (2)(g)(ii) shall be submitted in writing to the Secretary-General who shall inform all the Parties of any such submission and of the date of its receipt.

(7) The Secretary-General shall inform all the Parties of any amendments which enter into force under this article together with the date on which each such amendment enters into force.

12. gr.
Uppsögn.

(1) Sérhver aðili getur sagt þessari bókun upp hvenær sem er að liðnum fimm árum frá þeim degi sem hún öðlast gildi að því er hann varðar.

(2) Uppsögn skal eiga sér stað með skriflegri tilkynningu til framkvæmdastjórans.

(3) Uppsögn skal öðlast gildi þegar liðnir eru tólf mánuðir frá því að tilkynningin um uppsögn berst framkvæmdastjóranum eða lengri tími sem kann að vera tilgreindur í tilkynningunni.

13. gr.
Vörsluaðili.

(1) Bókun þessi skal vera í vörslu framkvæmdastjóra stofnunarinnar (hér á eftir nefndur „vörsluaðilinn“).

(2) Vörsluaðilinn skal:

a) tilkynna ríkisstjórnnum allra ríkja, sem hafa undirritað þessa bókun eða gerst aðilar að henni, um:

- (i) sérhverja nýja undirskrift eða afhendingu skjals um fullgildinguna, staðfestingu, samþykki eða aðild ásamt viðkomandi dagsetningu;
- (ii) gildistökudag þessarar bókunar;

(iii) afhendingu sérhvers skjals um uppsögn þessarar bókunar ásamt viðtökudegi þess og gildistökudegi uppsagnarinnar;

b) senda staðfest rétt afrit þessarar bókunar til ríkisstjórna allra ríkja sem hafa undirritað þessa bókun eða gerst aðilar að henni.

(3) Jafnskjótt og þessi bókun öðlast gildi skal vörsluaðilinn senda staðfest rétt afrit hennar til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til skráningar og birtingar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

14. gr.
Tungumál.

Bókun þessi er gerð í einu frumeintaki á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir.

ARTICLE 12
Denunciation

(1) The present Protocol may be denounced by any Party at any time after the expiry of five years from the date on which the present Protocol enters into force for that Party.

(2) Denunciation shall be effected by notification in writing to the Secretary-General.

(3) A denunciation shall take effect twelve months after receipt of the denunciation by the Secretary-General or after the expiry of any longer period which may be indicated in the notification.

ARTICLE 13
Depositary

(1) The present Protocol shall be deposited with the Secretary-General of the Organization (hereinafter referred to as “the Depositary”).

(2) The Depositary shall:

(a) inform the Governments of all States which have signed the present Protocol or acceded thereto of:

- (i) each new signature or deposit of an instrument of ratification, acceptance, approval or accession, together with the date thereof;
- (ii) the date of entry into force of the present Protocol;
- (iii) the deposit of any instrument of denunciation of the present Protocol together with the date on which it was received and the date on which the denunciation takes effect;

(b) transmit certified true copies of the present Protocol to the Governments of all States which have signed the present Protocol or acceded thereto.

(3) As soon as the present Protocol enters into force, a certified true copy thereof shall be transmitted by the Depositary to the Secretary-General of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

ARTICLE 14
Languages

The present Protocol is established in a single original in the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish languages, each text being equally authentic.

Nr. 3

31. mars 1998

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað bókun þessa.

In witness whereof the undersigned, being duly authorized by their respective Governments for that purpose, have signed the present Protocol.

Gjört í Torremolinos 2. apríl 1993.

DONE AT Torremolinos this second day of April one thousand nine hundred and ninety three.